

Aukakostnaðartrygging vegna rekstrarstöðvunar

Skilmáli nr. E-15

Hugtakið "félagið" merkir í þessum skilmála Vörð tryggingar hf. Þessi skilmáli er viðbót við brunatryggingu lausafjár nr. E-3, innbrotatryggingu nr. E-11 og vatnstjónstryggingu nr. E-12.

1. gr. Bótasvið

Vátrygging þessi greiðir sannanlegan og óhjákvæmilegan aukakostnað sem vátryggður verður fyrir ef atvinnuhúsnaði hans verður ónothæft sökum bótaskylds tjóns í bruna-, innbrots- eða vatnstjónstryggingu lausafjár. Sá aukakostnaður sem bótaskyldur er, takmarkast við þann kostnað sem kemur fram á vátryggingaskírteini eða endurnýjunarkvittun. Leita skal samþykkis félagsins fyrir greiðslu kostnaðar áður en lagt er út í hann.

2. gr. Tilvísun til annarra vátryggingaskilmála og laga um vátryggingarsamninga

Um vátryggingu þessa gilda að öðru leyti skilmálar félagsins um brunatryggingu lausafjár nr. E-3, innbrotatrygging nr. E-11 og vatnstjónstrygging nr. E-12 eftir því sem við á sem og lög nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Skilmáli þessi gildir frá 01.01.2006